

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Ráðgjafar- og greiningarstöðin (áður Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins)

Nafn styrkþega: Fjölgun tilvísana á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vegna barna af erlendum uppruna – Í hverju felst hún og hvað veldur henni?

Útdráttur: Erlendar rannsóknir hafa sumar hverjar bent til þess að auknar líkur séu á taugabroskaröskunum meðal barna innflytjenda. Taugabroskaröskun er breytileiki í heilaproska sem veldur skerðingu og birtist á þroskaskeiði, svo sem einhverfa, þroskahömlun, hreyfihömlun og málþroskaröskun. Tengsl erlends bakgrunns og taugabroskaraskana hafa lítið verið rannsökuð á Íslandi en hröð fjölgun innflytjenda hérlendis kallar á slíkar rannsóknir. Ráðgjafar- og greiningarstöð (RGR, frv. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins) sinnir greiningu og ráðgjöf vegna barna um allt land með alvarleg frávík í taugabroska sem leitt geta til fötlunar. Undanfarin ár hefur orðið vart við mikla fjölgun tilvísana barna með erlendan bakgrunn (annað eða báðir foreldrar erlendir). Þessi þróun var skoðuð nánar með því að bera saman mynstur við fyrstu tilvísun á RGR yfir 5 ára tímabil (2014-2018) og helstu greiningar sem skráðar voru í kjölfarið eftir því hvort bakgrunnur barnanna var erlendur eða ekki. Með lýðgrundaðri nálgun var reynt að svara spurningunni hvort börn með erlendan bakgrunn væru líklegri til að vera vísað á RGR heldur en börnum íslenskra foreldra og þá hvaða hópur það væri helst og hvort þau væru marktækt líklegri til að fá greiningar um ofanefndar taugabroskaraskanir. Þannig var reynt að varpa ljósi á hvort hátt hlutfall tilvísana barna með erlendan bakgrunn á RGR skýrðist af fjölda barna með erlendan bakgrunn á Íslandi, hærri tíðni taugabroskaraskana hjá þessum hópi eða mögulegum skorti á úrræðum til að mæta fjölbreyttum þörfum þeirra. Alls voru þetta 1.367 börn, þar af 31,6% með erlendan bakgrunn. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar sem undirstrika mikilvægi þess að styðja við aðlögun barna innflytjenda að íslensku samfélagi. Stefnit er að því að birta niðurstöður í ritrýndri grein og verður þeim því ekki nánar lýst hér að svo stöddu.